

# Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

## Húsavík 24. apríl 2013

**Mættir 13.00:** Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Böðvar Pétursson Skútustaðahrepp , Friðrika Sigurgeirssdóttir frá Þingeyjarsveit, Helgi Héðinsson frá ferðamálsamtökum norðurlands og Hjörleifur Finnsson Þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð. Jóhann Björgvinsson frá samtökum útivistarfélaga boðaði forföll sem og Sigurjón Benediktsson frá Norðurþingi samanber lið 2.

### DAGSKRÁ:

#### 1. Afmæli Þjóðgarðsins

#### 2. Önnur mál:

##### 1. Afmæli Þjóðgarðsins.

Í tilefni af 5. ára afmæli Vatnajökulsþjóðgarðs og 40 ára afmæli þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum var umræða um með hvaða hætti ætti halda upp á þessa áfanga. Ákveðið að halda uppá afmælið 29. júní (23 er afmæli Jökulsárgljúfra), annars vegar með menningardagskrá og kaffiveitingum í Ásbyrgi, og hins vegar með málþingi 25. október með vinnutitlinum „Þjóðgarður í Jökulsárgljúfrum í 40 ár, vannýtt tækifæri eða vonlaus hugmynd“. Þjóðgarðsverði var falið að undirbúa fyrri viðburðinn. Vegna málþingsins voru menn sammála um að leita eftir samstarfsaðilum og var ákveðið að hafa samband við eftirtalda aðila: Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Ferðamálastofu/stjóra, Landvernd, Umhverfisráðherra/ráðuneytið, bæjarfélagið Norðurþing.

##### 2. Önnur mál

- Borist hefur með tölvupósti eftirfarandi bókun frá Sigurjóni Benediktssyni fulltrúa Norðurþings í svæðisráði: „Ég undirritaður kemst ekki á fund sem boðaður er klukkan 13:15 í Þekkingarsetri Þingeyinga, Húsavík föstudaginn 26.apríl 2013. Hef tilkynnt formanni og stjórn þessa stöðu með þeim fyrirvara sem var mögulegur, og eins að þessi fundur var settur á án minnar vitundar á fundi sem ég var ekki á og hef ekki séð fundargerð frá.“

„Geri ég athugasemd við fundarboð þetta og áskil mér rétt til frekari athugasemda. Ef ætlunin er að koma skipulega í veg fyrir að ég geti mætt á fundi eða tekið þátt í störfum svæðisráðsins þá tel ég mér skylt og rétt að upplýsa stjórn garðsins og sveitarstjórnir um slíkt.“

Umræða um fundarboð almennt. Böðvar boðaði bókun innan 24 tíma.Hún barst svo með tölvupósti síðar sama dag og hljóðaði svo:

„ Þegar ég boðaði fundinn þá reiknaði ég með því að það væri jafn auðvelt fyrir Sigurjón að vera á Skype í apríl eins og það var þegar hann var á Skype fundi með okkur í janúar. Varðandi fyrirvarann þá sendi Hjörleifur út póst þann 9. apríl þess efnis að kynna það að til stæði að hafa svæðisráðsfund þann 26. apríl, 17. daga fyrirvari. Þann 18. apríl sendi ég út formlegt fundarboð, 8. daga fyrirvari, með dagskrá,

reyndar bara einn efnisliður. Að Sigurjón hafi ekki séð fundargerð frá ársfundinum er einnig rangt. Þann 18. apríl fengu allir sem voru á ársfundinum auk Sigurjóns minnispunkta frá fundinum, en ekki hefur verið skrifuð venjuleg fundargerð á ársfundi.

Þannig að ég vísa öllu tali um að skipulega sé verið að koma í veg fyrir þátt töku Sigurjóns í störfum svæðisráðsins til föðurrúsanna.“

- Lítilsháttar umræða spannst í framhaldi af umræðu á ársfundi um upplýsingagjöf fyrir þjóðgarðinn, t.a.m. í Mývatnssveit, Svartáarkoti og Kiðagili. Bent var á að ekki hefði fengist fjármagn til verkefnanna ennþá. Böðvar benti á að einfaldar aðgerðir eins og að setja upp tölvu með upplýsingum um þjóðgarðinn í gestastofu Umhverfisstofnunnar í Mývatnssveit væru mikilvægar. Hjörleifur taldi að þjóðgarðurinn gæti gert aðeins betur í þessum málum og taldi einboðið t.a.m að setja upp skilti í Bárðardal.
- Næsti fundur boðaður 7. júní. Stefnt er að vettvangsferð um hálendissvæði í sumar/ ágúst.

Fleiri mál voru ekki rædd og fundi slitið 15.30